

Aðalfundur árið 1990

Aðalfundur, haldinn á Hótel Loftleiðum, mánudaginn 5. júní kl. 20,00.

Fundur settur kl. 20.40

Fundarstjóri kosinn Jakob Kristjánsson og ritari Helgi Valsson

Dagskrá fundarins:

- a, Setning fundar og dagskrá kynnt
- b, Kosning fundarstjóra og ritara.
- c, Skýrsla stjórnar.
- d, Umræða um skýrslu stjórnar.
- e, Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.
- f, Umræður um reikninga og þeir bornir upp til samþykktar.
- g, Lagabreytingar.
- h, Hlé.
- I, Kosning stjórnar, varamanna, laganefndar, hússtjórnar og stjórnar hjálparsveitar.
- j, Kosning tveggja endurdkoðenda.
- k, Önnur mál
- l, Fundarslit.

Formaðurinn, Kristín Sigrúðardóttir, flutti skýrslu stjórnar. Minntist á nefndarstörf, fjölskylduhátíð í Setrinu 19 - 20. ágúst, sem um 90 manns sóttu. Í ágúst var rætt við Olís um afslátt til handa félagsmönnum og fór á þann veg að Olís styrkir klúbbinn gegn því að félagsmenn versli við Olís.

19 - 20 september var haldin sýning klúbbsins á jeppum og búnaði til fjallaferða í Reiðhöllinni. U.þ.b. 10þúsund manns sáu sýninguna. Í nóvember fór Náttúruverndarráð þess á leit við stjórn klúbbsins að taka þátt í útgáfu bæklinga um akstur utanvega. Í mars var sett upp eldhúsinnrétting í Setrinu. Hjálparsveitin fékk tvær hjálparbeiðnir á árinu. Haldin voru námskeið í skyndihjálp og vetrarferðum á fjöllum. 70 manns sóttu þessi námskeið. Í apríl var farin kvænnaferð sem 23 konur tóku þátt í. Gjaldkerinn sagði af sér í apríl af persónlegum ástæðum. Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar.

Lagðir voru fram endurskoðaðir reikningar og las Kristín Formaður þá upp. Umræður um reikningana opnaðar og endurskoðendur og stjórn sátu fyrir svörum. Aðrar tekjur í upphafi árs eru skálinn og víxill sem er afskrifaður í gjaldalið. Til eru tölur um fjölda greiddra félagsgjalda, en ekki um fjölda gistinátta.

Aukning á verðmæti skálans er tilkomin vegna eldhúsinnréttingar og fleira sem keypt var í skálann. Bankakostnaður er vegna innistæðulausra tékka. inneign hjá J.G.I. eru færslur út úr tékkhefti sem ekki eru til fylgiskjöl fyrir. Tölva var keypt vegna misskilnings milli fyrrverandi gjaldkera og stjórnar. Verðgildið er samkv. reikningi. Ásamt tölvu er þetta prentari og forrit. Jón Bergsson úr Suðurlandsdeild upplýsti að samkvæmt hans bókhaldi skuldar Suðurlandsdeild 7.950.- kr, og hafði hann upplýsingar um að Húsavíkurdeild hefði ofgreitt ca. 7.000.- kr, og hefði gengið illa að fá þetta leiðrétt hjá fyrrverandi gjaldkera. Jón Ingvason, fyrrverandi gjaldkeri svaraði því til að mál Húsavíkur og Suðurlandsdeildar hefði ekki gefist tími til að skoða og að liðurinn inneign hjá J.G.I. komi til vegna þess að hann hefði ekki haft tök á að yfirfara bókhaldið áður en hann skilaði því frá sér.

Borin var upp tillaga frá Friðrik Halldórssyni um að fresta samþykkt reikninga til næsta félagsfundar í september til að gefa endurskoðendum betri tíma til að yfirfara bókhaldið og var hún samþykkt samhljóða.

Frá laganefnd komu eftirfarandi ný lög fyrir klúbbinn:

1, kafli

Nafn félagsins og tilgangur.

1, grein

Félagið heitir Ferðaklúbburinn 4x4 og hefur aðsetur í Reykjavík. Ferðaklúbburinn 4x4 er félag áhugamanna um ferðalög og búnað fjórhjóladrifabifreiða.

2, grein

Markmið félagsins eru:

Að ná til sem flestra sem áhuga hafa á ferðalögum um landið á fjórhjóladrifsbifreiðum.

Að gefa gott fordæmi um umgengni og verndun landsins með jákvæðri eftirbreytningu umræðu um náttúruvernd.

Að gæta hagsmuna félagsmanna varðandi búnað fjórhjóladrifsbifreiða og annað er lýtur að fjórhjóladrifsbifreiðum og ferðalögum í samráði við viðkomandi yfirvöld.

Að efla þekkingu félagsmanna á öllu því er viðkemur útbúnaði fjórhjóladrifsbifreiða og ferðalögum um byggðir og óbyggðir landsins.

Að ofla tengsl og kynni félagsmanna.

2, kafli

Félagsfundir og stjórn.

3, grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Hann skal halda árlega í maí mánuði.

Fundurinn skal boðaður félagsmönnum skriflega með minnst sjö daga fyrirvara og með auglýsingum í blöðum. Í fundarboði skal greina fundarefni, svo og allat tillögur, sem ætlast er til að bornar verði undir atkvæði.

Rétt til setu á aðalfundi hafa einungis þeir sem hafa staðið full skil á gjöldum til félagsins.

Á dagskrá fundarinnar skulu vera venjuleg aðalfundarstörf, þ.e.:

- 1, Setning fundar og dagskrá kynnt.
- 2, Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- 3, Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins á línu starfsári.
- 4, Umræða um skýrslu stjórnar.
- 5, Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.
- 6, Umræða um reikninga og þeir bornir upp til samþykktar.
- 7, Skýslur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
- 8, Tillögur / lagabreytingar frá stjórn, nefndum eða félagamönnum.
- 9, Kjör stjórnar, varamanna og fastanefnda.
- 10, Kjör endurskoðenda.
- 11, Önnur mál.
- 12, Fundarslit.

4, grein

Rétt boðaður aðalfundur er lögmatgur án tillits til fundarsóknar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema þar sem annars er getið í lögum þessum.

5, grein

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, formanni, ritara, gjaldkera, og tveim meðstjórnendum.

Ár hvert skal formaður kosinn sérstaklega til eins árs. Auk þess skulu kosnir tveir meðstjórnendur til tveggja ára. Kjósa skal einn varamann fyrir hverja tvo meðstjórnendur sem kosnir eru á sama aðalfundi. Kosningar skulu vera skriflegar sé þess óskað. Meðstjórnendur verða þeir tveir sem flest atkvæði hljóta. Varamaður er kosinn sérstaklega.

Forfallist formaður skal ritari taka sæti hans, en að öðru leiti skiptir stjórnin með sér verkum. Formaður getur boðað varamenn á stjórnarfundum, þegar þess er talin þörf.

6. grein.

Endurskoðendur eru tveir og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Kosning skal fara fram skriflega sé þess óskað. Hlutverk þeirra er að yfirfara bókhald félagsins.

7. grein.

Skylt er stjórn að boða til almenns félagsfundar ef 10 félagsmenn eða fleiri krefjast þess skriflega. Boði stjórnin ekki slíkan fund innan tveggja vikna frá því henni barst krafan, geta þeir sem fundar óska boðað til hans.

8. grein.

Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd þess milli aðalfunda og ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Stjórnin mótar starfsemi félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Samþykki aðalfundar þarf þó fyrir ráðstöfun fasteigna svo og fyrir fjárskuldbindingum og ráðstöfun lausafjármuna sem nema hærri upphæðum en árgjöldum yfirstandandi árs.

Milli aðalfunda getur stjórn boðað til sérstaks félagsfundar til að fá samþykki fyrir ráðstöfun lausafjármuna að hærri upphæðum. Til slíks fundar skal boðað á sama hátt og aðalfund. Á þeim fundi hafa allir félagar jafnan athvæðisrétt.

9. grein.

Innan félagsins og undir handleiðslu stjórnar starfa að jafnaði þrjár fastanefndir auk hjálparveitar:

1. Ritnefnd. Hlutverk hennar er að sjá um útgáfu fréttabréfs og miðla upplýsingum til félagsmanna. Kjósa skal þrjú menn í hana.
2. Skálanefnd. Hlutverk hennar er að hafa umsjón með skála félagsins s.s. byggingu, viðhaldi, rekstri og útleigu. Kjósa skal fimm menn í hana.
3. Tækninefnd. Hlutverk hennar er að fylgjast með tækninýjungum varðandi búnað fjórhjóladrifsbifreiða og miðla þeim upplýsingum til félagsmanna. Einnig að ná samvinnu við viðkomandi yfirvöld um gerð reglugerða fyrir fjórhjóladrifsbifreiðir. Kjósa skal fimm menn í hana.
4. Hjálparveit Ferðaklúbbsins 4x4. Hlutverk hennar er að vera félagsmönnum innan handar, lendi þeir í vandræðum með farartæki sín og þurfi aðstoðar við. Kjósa skal fimm menn í hana.
5. Umhverfisnefnd. Hlutverk hennar er að sjá um tengsl við hlutaðeigandi yfirvöld og samtök ásamt kynningu og fræðslu í umhverfismálum. Kjósa skal fimm menn í hana.

10. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að stofna til annarra nefnda en taldar eru í 9. gr. og jafnframt að fela fastanefndum sérstök verkefni önnur en þar er tilgreint.

3 kafli.

Réttindi og skyldur félagsmanna.

11. grein.

Félagi getur hver sá orðið sem áhuga hefur á markmiðum félagsins. Inntökubeiðni skal vera skrifleg og send stjórn félagsins, sem tekur hana til úrskurðar og tilkynnir umsækjanda um niðurstöðu innan mánaðar.

12. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að standa í vegi fyrir því að einstakir aðilar fái aðild að félaginu og að vísa félagsmanni úr félaginu, ef sýnt þykir eða sannað að framkoma viðkomandi samræmist

ekki markmiðum félagsins. Sé manni meinuð aðild að félaginu getur hann borið mál sitt undir almennan félagsfund.

13. grein.

Stjórn félagsins getur mælt með kjöri til heiðursfélaga þá, sem leyst hafa af hendi mikilsverð störf eða unnið sérstaklega mikið fyrir félagið. Kjör heiðursfélaga skal staðfest af aðalfundi.

14. grein.

Félagsgjald skal ákveða á aðalfundi ár hvert og skal það greitt í upphafi hvers starfsárs. Reikningsár félagsins er frá 1. maí til 30. apríl næsta árs. Sé félagsgjald ekki greitt fyrir 1. desember ár hvert missir félagi atkvæðisrétt í málefnum félagsins, uns hann hefur gert full skil. Hafi félagsgjald ekki verið greitt í heilt starfsár fellur félagi af félagaskrá, nema hann óski eftir áframhaldandi aðild að félaginu með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

15. grein.

Fjármunum félagsins skal eingöngu varið til starfsemi þess og til málefna tengdum hagsmunum þess.

4, kafli.

Landsbyggðadeildir.

16. grein.

Félagsmenn sem búa fjarri aðsetri félagsins er heimilt að stofna landsbyggðadeild innan félagsins samkvæmt nánara samkomulagi við stjórn þess. Stofnun deildarinnar skal staðfest á næsta aðalfundi þar eftir.

17. grein.

Landsbyggðadeild hefur sjálfstætt og aðskilið bókhald og fjárhald frá félaginu og getur því ekki skulbundið félagið fjárhagslega og gagnkvæmt. Hluti af árgjaldi landsbyggðadeilda fellur til félagsins og skal hann ekki vera hærri en sem nemur fjórðungi félagsgjalda félagsins.

Landsbyggðadeild getur ekki komið fram fyrir hönd félagsins opinberlega, nema að fengnu samþykki stjórnar félagsins.

18. grein.

Öllum félögum er heimill aðgangur að almennum fundum, sem félagið í Reykjavík eða landsbyggðadeildir gangast fyrir. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum, en eingöngu atkvæðisrétt hjá sinni heimadeild.

Allir félagar hafa jafnan atkvæðisrétt á aðalfundi félagsins.

19. grein.

Landsbyggðadeildir skulu kjósa sér minnst þriggja manna stjórnir og minnst einn endurskoðanda með bundinni kosningu. Formenn landsbyggðadeilda skulu að jafnaði boðaðir á stjórnarfundum félagsins, þegar fjallað er um málefni er varða deildirnar, en þeir hafa þar ekki atkvæðisrétt.

20. grein.

Endurskoðendum félagsins er heimilt að skoða bækur og gögn deilda óski stjórn félagsins eða landsbyggðadeildar þess. Kostnað af endurskoðuninni ber sá er óskar hennar.

21. grein.

Stjórn landsbyggðadeildar ræður málefnum hennar með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún mótar nánar starfssemi deildar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar. Fjármunum deilda skal aðeins varið til starfssemi þeirra.

V. KAFLI.
Lokaákvæði.

22. grein.

Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum þurfa að hafa borist stjórn félagsins í síðasta lagi 15. apríl og skulu þær kynntar í aðalfundarboði. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða og telja auð atkvæði með í fjölda greiddra atkvæða.

23. grein.

Félaginu verður því aðeins slitið, að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir fyrir lagabreytingar. Þegar um er að ræða félagsslit geta 25 félagsmenn eða 1/3 fundarmanna krafist leynilegrar, skiflegrar allsherjar atkvæðagreiðslu í félaginu og skal þá sérlega kjörinni kjörstjórn falið að sjá um slíka allsherjar atkvæðagreiðslu. Félagsslitafundur tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins.

Ákvæði til bráðabyrgða.

Á aðalfundi þar sem lög þessi hljóta samþykki skal kjósa formann og tvo meðstjórnendur til eins árs og varamann þeirra, Auk þess tvo meðstjórnendur til tveggja ára og varamann þeirra. Kosning skal fara fram á þann hátt, sem lög þessi segja til um.

Var hver grein borin upp sérstaklega og voru allar, nema 3. grein samþykktar samhljóða. Við 3. grein kom breytingartillaga á 10. lið dagskrár aðalfundar, að kosnir væru 2 félagslegir endurskoðendur og einn löggiltur. Kom tillagan frá Bjarna Gunnarssyni.

Við breytingartillöguna kom frávísunartillaga frá Friðrik Halldórssyni.

Frávísunartillagan var samþykkt með 5 mótatkvæðum og 3. grein síðan samþykkt með 2 mótatkvæðum. Síðan voru lög in í heild borin upp og samþykkt samhljóða.

Hlé

Kosning stjórnar og nefnda

Stjórn:

Formaður:	Kristín Sigurðardóttir
Meðstjórnendur til tveggja ára	Ómar Sigurðsson
Meðstjórnendur til tveggja ára	Steingrímur Friðriksson
Meðstjórnendur til eins árs	Bergljót Friðriksdóttir
Meðstjórnendur til eins árs	Ásgeir Böðvarsson

Varamaður til tveggja ára	Árni Páll Árnason
Varamaður til eins árs	Friðrik Halldórsson

Ritnefnd:

Jón Bergsson, Sigurgeir Guðjónsson og Bergþór Guðjónsson.

Skálanefnd:

Emil Borg, Sveinbjörn Halldórsson, Helgi Valsson, Karl Sigurjónsson, Þorvaldur Þorvaldsson.

Tækninefnd:

Þorvarður Hjalti Magnússon, Snorri Ingimarsson og Jónas Jónasson.

Stjórn Hjálparveitar:

Reynir Jónsson, Þorgrímur St. Árnason, Þórarinn Guðmundsson, Einar Ingi Sigurbergsson, Ásgeir Böðvarsson.

Laganefnd:

Friðrik Halldórsson, Ómar Sigurðsson og Þorgrímur St. Árnason.

Endurskoðendur:

Bjarni Gunnarsson og Albert Sveinsson.

Önnur mál.

Tillaga frá Þorgrími St. Árnasyni. Tölvu félagsins verði skilað til seljanda og fengin endurgreidd, þar sem engin heimild var fyrir kaupum hennar.

Tillaga frá Reyni Jónssyni. Málinu verði vísað til stjórnar.

Tilvísunartillagan var felld með 32 atkvæðum gegn 20. tillaga Þorgrímas var samþykkt með 31 aðkvæði gegn 15.

Hússtjórn kynnti viðbyggingu að Setrinu og var síðan samþykkt að veita 500.000.- kr í viðbygginguna.

Jón Bergsson minntist á tvær ferðir sem voru farnar upp á Eyjafjallajökul sem ullu því að vegaslóða sem liggur frá Þórsmerkuraflleggjara upp á Eyjafjallajökul var lokað.

Ákveðið var að láta félagsgjöld standa í stað, 2.500.- kr. Tillaga um að hækka í 3.000.- kr. var felld.

Tækninefnd hefur tekið að sér að gera reglugerð um veltigrindur í breyttum bílum.

Reynir Jónsson svaraði því til þegar spurt var um útgjöld hjá hjálparveit að ekki væri nein stór útgjöld fyrirjáanleg.

Fundi var slitið kl. 23. 15.

Framhaldsmál:

Bókhaldi félagsins var síðan komið til Eyvindar Albertssonar, löggilts endurskoðanda. Samþykkti fyrrverandi gjaldkeri það og gerði upp stöðuna á viðskiptareikningi sínum, kr. 79.000.-.

Á félagsfundi þ. 3. september 1990 voru endurskoðaðir reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.

Voru þeir þá samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.